

STJÓRNARRÁÐSBRÉF

til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Ytri-Njarðvík.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 12. júlí s. l., varðandi tilmæli íbúa byggðarlagsins Ytri-Njarðvík í Njarðvíkurhreppi, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Ytri-Njarðvík, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Keflavíkursóknar og héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það, með vísun til tillagna yðar og 9. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að Keflavíkursókn verði skipt í tvær sóknir, Keflavíkursókn og Ytri-Njarðvíkursókn, þannig að sá hluti Njarðvíkurhrepps, sem er í Keflavíkursókn myndi nýja kirkjusókn í byggðalaginu Ytri-Njarðvík, enda haldi Keflavíkurkirkja eignum sínum óskertum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 189.

15. desember 1967.

STJÓRNARRÁÐSBRÉF

til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Árbæjarhverfi.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 22. f. m., varðandi tilmæli íbúa í þeim hluta Lágafellssóknar, sem er innan marka Reykjavíkurborgar, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Árbæjarhverfi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Lágafellssóknar og héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það, með vísun til tillagna yðar og 9. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að Lágafellssókn verði skipt í tvær sóknir, Lágafellssókn og Árbæjarsókn, þannig að sá hluti Lágafellssóknar, sem er innan marka Reykjavíkurborgar, verði sérstök sókn, enda haldi Lágafellskirkja eignum sínum óskertum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 190.

19. desember 1967.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Þingeyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Þingeyrarhrepps er börnum innan 14 ára aldurs bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20.00 á tímabilinu 1. október til 15. apríl, og eftir kl. 23.00 á tímabilinu 16. apríl til 30. september, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna.

2. gr.

Börnum innan 14 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansleikjum, öðrum en þeim, sem haldnir eru sérstaklega fyrir börn og unglinga og barnaverndarnefnd hefur leyft að haldnir séu hverju sinni.

3. gr.

Eigi má leyfa börnum innan 14 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum, er standa lengur en til kl. 20.00, á tímabilinu 1. október til 15. apríl, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Sama gildir um aðrar kvöldsamkomur, að þeim undanteknum, sem sérstaklega er stofnað til fyrir börn og unglinga og barnaverndarnefnd hefur leyft að haldnar séu hverju sinni.

4. gr.

Bannað er að selja börnum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það, eða stuðla að því á annan hátt, að þau neyti þess.

5. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), hverskonar eftirlíkingum af tóbaksvörum, svo og á öðrum þeim sөлgætisvörum, sem að dómi héraðslæknis eða barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum.

6. gr.

Börnum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, is-, sөлgætis- og tóbaksbúðum (sjoppum) eftir kl. 20.00, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Skytt er eigendum og umráðamönnum slíkra staða að sjá um, að þau fái þar eigi óheimilan aðgang.

7. gr.

Skytt er foreldrum og húsbændum barna, svo og forráðamönnum þeirra staða, er um getur í 2.—6. gr. þessarar reglugerðar, að stuðla að því, hverjum á sínu sviði, að ákvæði reglugerðarinnar séu haldin.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 53 13. maí 1966 um vernd barna og ungmenna, varða refsingum, svo sem nefnd lög ákveða.

9. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að neyta heimildar þeirrar, sem henni er veitt í 10. gr. laga um vernd barna og ungmenna, en hafa skal hún um það samráð við sveitarstjórn og lögreglustjóra.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.